

**1087. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 13. desember  
2019 og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður og  
Daníel Jakobsson formaður.

**Embættismenn:**

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Brimbrjótur, Suðureyri - umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði - 2019120040**

Elías Guðmundsson sækir um lóð, f.h. Nostalgíu ehf., á Iðnaðar- og athafnasvæði B20 við brjótinn Suðureyri. Meðfylgjandi umsókn er erindið undirritað af Jóhanni Birki Helgasyni, f.h. Nostalgíu ehf., Klofnings ehf. og Fisherman ehf. Skipulags- og mannvirkjanefnd tók erindið fyrir á 531. fundi sínum 11. desember sl., og hafnaði umsókninni með vísan í að ekki séu lóðir klárar til úthlutunar, nefndin lagði til við bæjaryfirvöld að boða framkvæmdaraðila til fundar, sbr. bréf hans dags. 06.12.2019.

*Jóhann Birkir mætir til fundarins til að gera grein fyrir lóðaumsóknum á Suðureyri.*

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að ganga til samninga við umsækjendur.*

**Gestir**

Jóhann Birkir Helgason, Verkís - 08:05

Jóhann Birkir yfirgefur fundinn kl. 8:28.

**2. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Farið er yfir verkefnalista af bæjarráðsfundum.

*Umræður voru um verkefni sem komið hafa til á bæjarráðsfundum.*

**3. Sjókvíeldi ÍS 47 ehf. í Önundarfirði - 2013110015**

Lagður fram tölvupóstur Hjartar Methúsalemssonar, f.h. Matvælastofnunar, dagsettur 11. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna umsóknar ÍS-47 ehf. um rekstrarleyfi fyrir sjókvíeldi í Önundarfirði.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísar beiðninni um umsögn til skipulags- og mannvirkjanefndar.*

**4. Starfsmannamál - dómur Landsréttar - 2016110049**

Kynntur tölvupóstur Eddu Andradóttur f.h. Juris, dagsettur 9. desember sl., varðandi dóm Landsréttar 29. nóvember sl., í máli nr. 105/2019 gegn Ísafjarðarbæ.  
*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar unir dómunum.*

**5. Hækkun fasteignagjalda hjá Ísafjarðarbæ - 2019120049**

Lagt er fram bréf Árna Brynjólfssonar, formanns Búnaðarfélgsins Bjarma, dags. 10. desember sl., þar sem gerð er athugasemd við áformaða hækkun fasteignagjalda hjá Ísafjarðarbæ.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að skoða málið og leggja aftur fyrir bæjarráð.*

**6. Arctic Mayors Forum - 2019120050**

Lagður fram tölvupóstur Huldu Sifjar Hermannsdóttur, dagsettur 6. desember sl., vegna Arctic Mayors Forum.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að vinna það áfram.*

**7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (viðaukar). 436. mál. - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 9. desember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (viðaukar). 436. mál. Umsagnarfrestur er til 10. janúar nk.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísar erindinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.*

**8. Drög að frumvarpi til fjarskiptalaga - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Sigríðar Rafnar Pétursdóttur f.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dagsettur 10. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til fjarskiptalaga, sem eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnarfrestur er til 6. janúar nk.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435. mál. - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis þar sem Ísafjarðarbæ eru sendar til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435. mál. Umsagnarfrestur er til 10. janúar nk.

*Lagt fram til kynningar.*

**13. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri - 2018050083**

Mál kynnt að nýju.

*Árið 2013 var komið á aflamarki Byggðastofnunar til þess að styðja við byggðalög í bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Var þessu fyrirkomulagi komið á*

*til þess að tryggja betri fyrirsjáanleika við úthlutun, styrkja útgerðir í þeim byggðarlögum sem hafa átt undir högg að sækja og úthluta heimildunum til lengri tíma.*

*Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða á Byggðastofnun að hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag áður en skrifað er undir samning við samstarfsaðila. Bæjarráð hefur kynnt sér áform umsækjenda og haldið með þeim fund en vill áréttta að sá kostur sem Byggðastofnun hefur kynnt er tillaga Byggðastofnunar sem á eftir að hljóta staðfestingu stjórnar stofnunarinnar.*

*Sem samráðsaðili telur bæjarráð Ísafjarðarbæjar mikilvægt að horft sé til þess hvaða áhrif úthlutun á aflmarki Byggðastofnunar hefur á núverandi útgerð og vinnslu á Flateyri. Bæjarráð leggur áherslu á að við úthlutun aflamarks stjórnar Byggðastofnunar séu heildar hagsmunir byggðalagsins hafðir að leiðarljósi og aflamarkið nýtist til sem mestrar verðmætasköpunar þar.*

#### **10. Fundargerðir heilbrigðisnefndar - 2019020071**

Lagðar fram fundargerðir frá 125. og 126. fundum heilbrigðisnefndar, sem haldnir voru 5. og 11. desember sl.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

#### **11. Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum - 167 - 1912003F**

Fundargerð 167. fundar barnaverndarnefndar sem haldinn var 12. desember sl. Fundargerðin er í 3 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **12. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 531 - 1912010F**

Fundargerð 531. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 11. desember sl. Fundargerðin er í 10 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

##### **12.1 2019090004 - Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði. Stefnisgata 5**

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nostalgía ehf. fái lóð við Stefnisgötu nr. 5, Suðureyri skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

##### **12.2 2019090005 - Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði. Skólagata 8**

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nostalgía ehf. fái lóð við Skólagötu 8, Suðureyri, skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Ísafjarðarbæ. Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi Suðureyrarmala. Breytingin felur í sér að landnotkun Skólagötu 8,10 og A-Stíg 1 verði breytt úr íbúðarlóðum í lóðir fyrir blandaða starfsemi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:01**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Marzellius Sveinbjörnsson

---

Daníel Jakobsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir

---

Guðmundur Gunnarsson